

Föstudaginn 29. apríl 1994.

Nr. 172/1994.

Jónas Bjarnason

(Jóhanna Tryggvadóttir)

gegn

Ríkisútvarpinu og

Lífeyrissjóði verslunarmanna

(sjálfir)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Nauðungarsala. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu með kæru 31. mars 1994. Samkvæmt upplýsingum héraðsdómara barst kæran í tæka tíð samkvæmt 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í greinargerð eiginkonu sóknaraðila, Jóhönnu Tryggvadóttur, sem fer með mál þetta samkvæmt umboði hans, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, eru gerðar þessar kröfur: „ . . . að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að Hæstiréttur dæmi, að stefnda fyrir Hæstarétti Ríkisútvarp-Sjónvarp sé óheimilt að selja eignarhluta kæranda í Klapparstíg 25-27 í Reykjavík á nauðungarsölu. . . . Meðan ekki liggja fyrir niðurstöður úr opinberri rannsókn á skipan og starfsháttum Hæstaréttar, sbr. réttarskjal -G-, er krafist, að Hæstiréttur taki mál þetta ekki til umfjöllunar eða dóms.“ Sóknaraðili krefst og málskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Dómskjal G, sem sóknaraðili vísar til í kröfugerð sinni, er máli þessu óviðkomandi, og eru engin efni til að sinna kröfu sóknaraðila vegna þess.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Kæra máls þessa er með öllu ófyrirsynju. Meginhluti þeirra gagna og málsástæðna, sem sóknaraðili ber fyrir sig, varðar í engu það mál, sem hér er til úrlausnar. Er þessi málatilbúnaður stórlega víta-verður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jónas Bjarnason, greiði varnaraðilum, Ríkisútvarpi og Lífeyrissjóði verslunarmanna, hvorum um sig, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 1994.

Með bréfi, dagsettu 22. febrúar sl., sem mótttekið var af dóminum 24. s.m., leitaði Jóhanna Tryggvadóttir f.h. Jónasar Bjarnasonar úrskurðar héraðsdómara vegna synjunar sýslumannsins í Reykjavík um að taka ekki til greina mótmæli hennar gegn „þingfestingu“ nauðungarsölu á fasteigninni Klapparstíg 25, 3. hæð, Reykjavík. Krafðist hún þess, að framangreind ákvörðun yrði felld úr gildi.

Skilja verður kærana svo, að þess sé krafist, að synjun um fyrstu fyrir-töku uppboðsmáls verði felld úr gildi.

Þann 27. janúar sl. var tekið fyrir hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík að byrja nauðungarsölumeðferð á Klapparstíg 25, hluta, Reykjavík, gerðarþoli Jónas Bjarnason.

Af hálfu gerðarþola mætti eiginkona hans, Jóhanna Tryggvadóttir, og mótmælti því að uppboðið færi fram, en gerðarbeiðendur voru Ríkisútvarpið og Lífeyrissjóður verslunarmanna. Mótmæli þessi voru ekki tekin til greina og var ákveðið að uppboðið byrjaði á eigninni á skrifstofu sýslumanns þriðjudaginn 12. apríl nk. kl. 13.30. Lýsti Jóhanna Tryggvadóttir þá yfir því að hún áskildi sér rétt til að skjóta ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms.

Pröng heimild til að kæra framanlýsta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík til héraðsdóms er í 22. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Í 4. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar kemur fram að aðrir en gerðarbeiðendur geti ekki skotið slíkri ákvörðun til héraðsdóms nema með samþykki gerðarbeiðanda. Í gögnum málsins er ekki að finna neitt skjal er sýni að slíkt samþykki liggja fyrir í málinu. Þegar framanritað er virt verður ekki hjá því komist með vísan til 1. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991 að vísa málinu frá dómi.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kæru Jónasar Bjarnasonar vegna þeirrar ákvörðunar sýslumanns-
ins í Reykjavík að taka ekki til greina mótmæli hans gegn því að
byrja uppboð á Klapparstíg 25, hluta, Reykjavík, er vísað frá dómi.
